

Pétur Björgvin Þorsteinsson:

„Óréttlæti einhvers staðar ógn-
ar réttlætinu alls staðar.“

Martin Luther King


Kompás námskeið

3. og 4. október 2011

Kompás - þemu


 Félag fagfólks
í frítímabjónustu

Borgaravitund



 Félag fagfólks
í frítímabjónustu

KOMPÁS HANDBÓK UM MANNRÉTTINDI FYRIR UNGT FÓLK



Þrjár spurningar

- Hvaða réttindi ber skylda til að tryggja íbúum sínum og með hvaða skilmálum?
- Hvað verður um það fólk sem nýtur af einhverri ástæðu ekki verndar þess lands sem það býr í?
- Hvað ber borgara að gera þegar samfélagið virðir ekki réttindi tiltekinna samfélagshópa?

Hvað er borgaravitund?

- Ekki einhugur um nákvæma merkingu hugtaksins!
- ATH „góður og gegn borgari“ vs. „mikill ættjarðarvinur“
- Uppruni á Grikklandi
- Þróun á 19. öldinni
- „Margfaldur ríkisborgararéttur“
- Borgaravitund krefst menntunar

Tengsl við mannréttindi

- Réttindi og skyldur
- Einkum tvennt sem tengir saman kenningar um mannréttindi og þá ábyrgð sem felst í borgaravitund:
 - Borgaravitund felur í sér að virða mannréttindi annarra
 - Borgaravitund felur í sér ákveðnar hugmyndir um samfélagið og þar með að farið sé eftir mannréttindasáttmálum

Þrjár spurningar til viðbótar

- Hvað getur hinn almenni borgari gert til að vera þátttakandi í lýðræði annað en að greiða atkvæði sitt í kosningum?
- Hvaða viðmið eiga að gilda um ríkisborgararétt í heimi sem verður stöðugt fjölmenningslegri?
- Ættu innflytjendur að njóta einhverra borgaralegra réttinda án ríkisborgararéttis?

Menntun til borgaravitundar

- Símenntun og samfélagsleg þátttaka
- Miðar að því að koma á menningu mannréttinda og lýðræðis
- Eykur fjölmenningslega færni
- Eflir félagslega samheldni
- Nær til allra aldurs- og samfélagshópa
- Mikilvægasti markhópurinn er ungt fólk

Lýðræði



Lýðræði

- Byggist á kerfisbundinni reglusmíði fyrir hóp manna
- Oft skilgreint sem „reglur fólksins“
- Tvær grundvallarreglur:
 - Reglan um sjálfsstæði einstaklingsins: að engum skuli gert að fylgja reglum sem aðrir hafa þröngvað upp á hann.
 - Reglan um jafnrétti: að allir skuli hafa sömu möguleika á að hafa áhrif á ákvarðanir sem snerta fólkið í samfélaginu.

Spurningar

- Er kerfi sem allir eru sáttir við mögulegt?
- Eru kosningar heppilegar við ákvarðanatökur?
- Hvers vegna álíta langflestir jarðarbúar að lýðræði sé eina kerfið sem vert er að gefa gaum?
- Er eitthvað vit í því að allir séu við stjórnvölinn?
- Ertu þátttakandi og hvern viltu (ekki) hafa með?

Fulltrúalýðræði

- Borgarar hafa áhrif á lagasetningarferlið vegna þess að þeir kjósa þá aðila sem setja lögin.
- Stjórnámálamenn þurfa að ná kjöri aftur.
- Borgarar hafa möguleika til að sýna (ó)ánægju
- Ýmsar leiðir til viðræðu, þátttöku og ráðgjafar
- Allir geta farið í framboð

Kosningar

- Þurfa að vera frjálsar og réttlátar
- Stjórnámálamenn þurfa að trúá því að kjósendur láti þá gjalda þess ef þeir gæta ekki hagsmuna borgaranna sem skyldi
- Kerfið þarfnast virkrar stjórnsýslu
- Sinnuleysi kjósenda dregur úr aðhaldi
- Kosningaþátttaka – hlutverk borgaranna!

Lýðræði

- Eins mismunandi og lýðræðisríkin eru mörg
 - Forsetalýðræði/þingræðislegt lýðræði/lýðræði ríkjasambanda/lýðræði eins ríkis/lýðræði sem beita allsherjaratkvæðagreiðslu/lýðræði og samráð/hlutfallskosningar/meirihlutakosningar...
- Öll lýðræðiskerfi má bæta
- Vandí lýðræðisins er lítil kosningabátttaka, fulltrúar hvers fulltrúar í fulltrúalýðræði eru og hver sér um hag minnihlutahópa.

Mismunun og útlendingahatur



Mismunun

- Almenn mismunun ekki skilgreind í Mannréttindayfirlýsingu SP né öðrum alþjóðasamningum.
- Bannað er að mismuna einstaklingum og samfélagshópum á grundvelli kynþáttar, trúarbragða, kynferðis, þjóðaruppruna, ætternis, þjóðernis eða kynhneigðar í flestum mannréttindasáttmálum og löggjöf flestra landa.
- Hefur þér einhvern tíma þótt þér mismunað á óréttlátan hátt?

Kynþáttamisrétti, skilgreining

- „hvers kyns aðgreining, útilokun, takmörkun sem byggð er á kynþætti, litarhætti, ætterni eða þjóðlegum uppruna og hefur það markmið eða áhrif að koma í veg fyrir eða hindra að menn fái viðurkennd, geti notið eða framfylgt mannréttindum og grundvallarfrelsi á sviði stjórn mála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála, borgaralegra mála eða á sérhverju öðru sviði, á jafnréttisgrundvelli”

Mismunun gagnvart konum, skilgr.

- „hvers kyns aðgreining, útilokun eða takmörkun sem byggð er á kynferði sem hefur þau áhrif eða markmið að hindra eða koma í veg fyrir að konur fái viðurkennd, geti notið eða framfylgt mannréttindum og grundvallarfrelsi á sviði stjórn mála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála, borgaralegra mála eða á sérhverju öðru sviði.”

Tilefni mismununar

- Hún er svört
- Hún er kona
- Hann er Rómamaður (Sígauni)
- Hann er samkynhneigður
-
 - þ.e. einstaklingurinn eða hópurinn sem beitir mismunun lítur á framangreinda eiginleika sem vandamál.

Bein og óbein mismunun

- Bein mismunun einkennist af þeirri fyrirætlun að mismuna einstaklingi eða hópi, svo sem þegar atvinnumiðlun hafnar atvinnuumsóknum frá múslima eða húsaleigufélag leigir ekki innflytjendum íbúðir.
- Óbein mismunun er afleiðing stefnu eða aðgerða. Hún á sér stað þegar að því er virðist hlutlaust ákvæði, viðmið eða framkvæmd er í raun einstaklingi eða einstaklingum í tilteknum minnihlutahópi í óhag, samanborið við aðra.

Samningsviðauki nr. 12

- Við Mannréttindasáttmála Evrópu, júní 2000.
- Ákvæði sáttmálans urðu þar með viðtækari.
- Felur í sér almennt ákvæði um jafnrétti sem heimilar frekari aðgerðir gegn kynþáttafordómum og mismunun.

Útlendingahatur (e. xenophobia)

- „Sjúkleg hræðsla við útlendinga eða framandi lönd” (Oxford English Dictionary).
- Er tilfinning eða skilningur sem byggist á félagslegri ímynd eða hugmyndum en ekki á vitsmunalegum eða hlutlægum staðreyndum.
- Flókin félagsleg og menningarleg fyrirbæri eru einfölduð þannig að hlutir eru annað hvort góðir eða slæmir.

Spurningar

- Manstu eftir nýlegu dæmi um útlendingahatur á Íslandi?
- Hvers vegna ætti að takmarka eða banna kynþáttaáróður á netinu?
- Hvernig fara flóttamenn að því að sækja um landvistarleyfi á Íslandi?
- Hvaðan kemur flóttafólk sem nú er á Íslandi og hvers vegna er það á flótta?

Kynþáttafordómar

- Meðvituð eða ómeðvituð sannfæring um að einn kynþáttur sé í eðli sínu öðrum æðri.
- „Kynþáttur“ er félagslegt fyrirbæri og ómögulegt er að flokka fólk á neinn annan hátt en að það séu „manneskjur“
- Eiga sér langa sögu
- Nátengdir valdi og valdbeitingu

Kynþáttafordómar á ýmsum sviðum

- Persónulegt svið
 - átt er við að persónuleg viðhorf, gildismat og þá skoðun að eigin „kynþáttur“ sé öðrum æðri
- Samskiptasvið
 - átt er við hegðun sem endurspeglar þá skoðun að eigin „kynþáttur“ sé öðrum æðri
- Stofnanasvið
 - átt er við lög, venjur og hefðir sem valda kerfisbundnu kynþáttamisrétti og mismunun í þjóðfélaginu og innan stofnana og samtaka
- Menningarsvið
 - átt er við félagslega hegðun, gildi hennar og venjur sem ganga út frá eigin þjóðmenningu sem hinu eðlilega viðmiði, og dæma aðrar menningarhefðir sem óæðri

Afleiðingar kynþáttafordóma

- Hafa leitt til fjöldaútrýmingar
- Hafa leitt til þjóðarmorða
- Hafa leitt til kúgunar
- Í skjóli þeirra hefur meirihluti þjóða verið ofurseldur duttlungum fámenns minnihluta
- Þeir sem taldir eru vera „öðruvísi“ eða „framandi“ mæta skertu ferðafrelsi, hreinum yfirgangi, niðurlægingu og félagslegri útskúfun

Öryggi manna – mannöryggi



Mannöryggi

- Kom ekki inn í alþjóðlega umræðu fyrr en í lok tuttugustu aldar
- Alþjóðasamfélagið fór að viðurkenna mikilvægi sérstakra ráðstafana til að verja ekki aðeins ríki heldur fólk þegar öryggi þess væri ógnað
- Markmiðið með mannöryggi er öryggi og lífsafkoma fólks

Uppruni

- Áætlun um frið (Agenda for Peace) 1992: Þar er því haldið fram að heimsöryggi sé ekki einungis hernaðarlegs eðlis.
- Þróunaráætlun SP 1994 gerir tillögu að tveimur meginþáttum mannöryggis:
 - vernd gegn óvæntum og skaðlegum truflunum á daglegu lífi okkar (frelsi frá ótta)
 - öryggi gegn stöðugt yfirvofandi hungri, sjúkdómum, glæpum og kúgun (frelsi frá skorti)

7 þætti mannöryggis

- Efnahagslegt öryggi
- Fæðuöryggi
- Heilbrigðisöryggi
- Umhverfisöryggi
- Persónulegt öryggi
- Samfélagsöryggi
- Stjórnmalalegt öryggi

Alþjóðaöryggi – ný viðhorf 1999

- Ályktun 1244, samþykkt af Öryggisráði SP '99 hafði í för með sér tvær viðhorfsbreytingar:
 - Farið var að skoða hvers konar atburði sem ógn við öryggi
 - Innanríkisatburðir gátu nú talist ógna öryggi rétt eins og átök milli þjóðríkja
- Vakning í mannréttindamálum um allan heim varð nú til þess að ákveðin afskipti af innanríkismálum fóru að þykja nauðsynleg.

Spurningar

- Að hve miklu leyti ætti alþjóðasamfélagið að fylgjast með innanríkisstefnu þjóða?
- Hverjir eru kostir þess að og gallar að víkka hugtakið „öryggi“ þannig að það taki til frelsis frá „skorti“ og einnig frelsis frá ótta?
- Um hvað fjallar 5. grein Mannréttindasáttmála Evrópu?

Afsal fullveldis fyrir mannréttindi

- Hvorki einstaklingar né ríkisvald mega geta troðið fótum á mannréttindum.
- Alþjóðasamningar um mannréttindi fela í sér ákveðið afsal fullveldis.
- Mannréttindi einstaklings sett í forgang.
- Gefur sendisveitum SP víðtækara umboð.
- Skapar grunn fyrir alþjóðlegan sakamáladómstól

Markmið með mannöryggi

- Áherslan færir frá öryggi ríkra yfir á öryggi fólks.
- Minni á að vandamál verða ekki stöðvuð á pólitískum landamærum.
- Bendir á hlutverk og ábyrgð fleiri en ríkisins.
- Þess krafist að þeir sem eiga sök á mannréttindabrotum séu látnir svara til saka.
- Frá hernaðarmætti yfir í „milt vald“ (öflugar hugmyndir í stað öflugra vopna).

Friður og ofbeldi



Er friður mannréttindi?

- Mannréttindamenning er frumskilyrði þess að friði verði komið á í öllum ríkjum heims.
- Rétturinn til friðar heyrir undir þriðju kynslóð mannréttinda eða svokölluð sameiginleg réttindi.
- Rétturinn til friðar er á stefnuskrá SP.
- Mannréttindaráð SP samþykkti 2001 yfirlýsingu um stuðning við rétt þjóða til friðar.

Hvað er friður?

- Mismunandi inntak eftir menningarheimum
 - Friður í hug og hjarta
 - Að ekki ríki stríðsástand
- Skilgreining Johans Galtung frá Noregi:
 - Neikvæður friður merkir að ekki er neitt stríð, engin ofsafengin átök milli ríkja eða innan ríkja
 - Jákvæður friður merkir á hinn bóginn að ekki sé neitt stríð eða átök og einnig ríki jöfnuður, réttlæti og að framfarir fái að eiga sér stað.

Spurningar

- Finnst þér að það eigi að vera sérstakur réttur til friðar eða er hann hluti af þeim mannréttindum sem fyrir eru?
- Hverjir eiga að sjá um að innleiddar séu reglur til að hindra hvers kyns ofbeldi þar sem þú átt heima?
- Er hægt að tala um frið án þess að nefna ofbeldi?

Beint ofbeldi

- Í Bosníu og Hersegóvínu eru 17.000 manns enn á skrá yfir horfna.
- 800.000 manns létu lífið á þremur mánuðum í stríðinu í Rúanda árið 1994.
- Alls 8.538.315 manns létu lífið í fyrri heimsstyrjöldinni
- Á tíunda áratugnum voru fimm milljónir manna drepnar í borgarastyrjöldum um allan heim.
- ...

Óbeint ofbeldi

- Um 17 milljónir manna deyja árlega vegna skorts á lyfjum.
- Um 24.000 manns deyja af völdum hungurs á hverjum degi. Þetta er um það bil einn einstaklingur á þriggja og hálfra sekúndu fresti.
- Meira en 30.000 börn deyja daglega, aðallega af völdum sjúkdóma sem hægt er að fyrirbyggja.

Fátækt



Skilgreining á fátækt

- Alger fátækt er miðuð við það sem telst vera lágmarksskilyrði þess að lifa af.
- „Fátækir” tekur mið af tekjustiginu, viðkomandi er undir ákveðnu lágmarki sem þarf til viðunandi lífskjara.
- Hlutfallsleg fátækt er mæld út frá samanburði við aðra í sama umhverfi, samfélagi eða landi.

Mörg andlit fátæktar

- Margslungið vandamál þar sem huglægir, pólitískir og samfélagslegir þættir fléttast saman við efnahagslega þætti.
- Ræturnar geta verið efnahagslegar, félagslegar, pólitískar, tengdar umhverfinu, stjórn málaástandi ...
- Fátækt þrífst í sveitum, bæjum, borgum
- Fátækt er tímabundin en líka viðvarandi
- Fleiri konur en karlar eru meðal fátækra

Fátækt og mannréttindi

- Á mannréttindaráðstefnunni í Vín 1993 var því lýst yfir að „útbreidd og sár fátækt hindri það að fólk fái notið mannréttinda sinna til fulls ... einkum efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda.”
- Eitt leiðir af öðru, fátækt -> skert heilbrigðisþjónusta -> skert borgaraleg réttindi -> kemur í veg fyrir að fólk geti krafist réttinda sinna ...

Spurningar

- Hvað getum við gert gegn fátækt?
- Hvað veist þú um sem Ísland gerir gegn fátækt hér heima og annars staðar?
- Finnst þér að allir samningarnir sem ríkisstjórnir hafa samþykkt hafi eitthvað að segja í baráttunni gegn fátækt í heiminum?

Takk fyrir

Þessar glærur og fleiri
tengdar Kompás má
finna á www.pb.is



Pétur Björgvin Þorsteinsson, MA í Evrópufræðum, þjálfari (Kompás, Evrópa Unga Fólksins o.fl.),
djákni í Glerárkirkju og formaður Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi.